

2. Hvort nokkur hafi búið í herbergi því, er innréttað var í hinu tvílyfta húsi.
3. Hvort nefnd hús ákærða séu afskekt, þ. e. svo langt frá öðrum húsum, að eldurinn hefði eigi getað borist á milli, ef þau hefðu brunnið, og ef svo er eigi,
4. hvort vindur og vindstaða íkveikjunóttina hafi verið þannig, að eldurinn hefði getað kveikt í öðrum húsum, ef hann hefði eigi verið slöktur.

Svo ber og undirdómaranum að útvega aðrar þær upplýsingar, er framangreindar skýrslur kynnu að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að útvega skýrslur þær, er að ofan eru tilgreindar, svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 21. júní.

Nr. 14/1909:

Firmað Pétur Jónsson og sonur
 gegn
 firmanu P. M. Bjarnason & Co.
 á Ísafirði.

Dómur:

Með stefnu útgefni 26. marz þ. á. hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins til staðfestingar dómi uppkveðn-

um sama dag í gestarétti Reykjavíkur, en með dómi þeim var stefndi dæmdur til að greiða firmanu Pétur Jónsson og sonur 2505 kr. 16 a. og í skaðabætur 1000 kr., hvorttveggja með $6\frac{1}{2}\%$ ársvöxtum frá 14. apríl 1908 til borgunardags og 30 kr. í málskostnað, en firmað Pétur Jónsson og sonur var sýknað af gagnkröfum stefnda.

Mál þetta kom fyrir yfirdóminn 17. f. m. og krafðist þá áfrýjandi staðfestingar á gestaréttardóminum eins og stefnt hafði verið til, en umboðsmaður stefnda krafðist 4 vikna frests í málinu til að koma inn í það vitnaframburðum viðvíkjandi efni málsins, er hann hafði gjört ráðstöfun til að afla sér á Ísafirði. En með því að áfrýjandi vildi eigi samþykkja svo langan frest, varð það að samkomulagi, að stefndi fekk þriggja vikna frest í málinu. Þegar málið kom næst fyrir réttinn fór umboðsmaður stefnda því fram, að hann fengi enn frest til 12. júlí þ. á. til þess að koma máli þessu í samband við annað mál, sem er fyrir yfirdómi, þar sem stefndi hefir áfrýjað fyrnefndum gestaréttardómi 26. marz þ. á. til breytingar, en áfrýjandi mótmælti öllum frekari fresti. Til vara krafðist umboðsmaður stefnda vikufrests til andsvara, sem áfrýjandi og mótmælti, og lögðu báðir málsaðilar síðan ágreininginn undir úrskurð réttarins eða dóm.

Stefndi hefir eigi gagnáfrýjað máli þessu, og hefir hann þó haft nægilegt tækifæri til þess, síðast fyrir 3 vikna frest þann, er honum var veittur 17. f. m. Hann á enga heimtingu á því, að fá komið þessu máli í samband við áfrýjun sjálfs hans á gestaréttardóminum, sem er réttarfarslega skoðað sjálfstætt mál og þessu máli óviðkomandi, og áfrýjandi verður ekki gegn mótmælum hans

skyldaður til að þola lengri bið í máli þessu en orðin er. Það ber því að synja stefnda um frekari frest í málinu, eins og áfryjandi hefir krafist, og leggja dóm á það eins og því er komið. En þá er ekki annað fyrir hendi en að staðfesta gestaréttardóminn samkvæmt kröfu áfryjanda í öllum greinum. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 28. júní.

Nr. 22/1909:

Réttvísín

gegn

Karólinu Gottskálsdóttur.

Dómur:

Með aukaréttardómi Snæfellsness og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 5. marzmán. þ. á., var hin ákærða, Karólína Gottskálsdóttir, dæmd samkvæmt alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 232. gr. 1. málsg., fyrir einfaldan þjófnað framinn í 2. sinn, til að sæta 6×6 daga fangelsi við vatn og brauð, til að greiða Ingimundi Péturssyni 5 kr. í iðgjöld og til að greiða allan sakarkostnaðinn. Dómi